


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>LSU 202</b>	
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Kristján Þ Kristinsson	<b>Sk.st.</b>	KPK
----------------	------------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Nemendur læri að ná tökum á að sjóða frá- og mótsuðu í bæði plötur og rör í suðustöðunum PA-BW, PC-BW og PF-BW með suðugæðum C samkvæmt ÍST EN 25817. Þeir eiga að geta valið rétta raufargerð, rétta spíssastærð og stillt vinnuprýsting m.t.t. efnisþykktar. Þeir tileinka sér færni í logskurði og þekkingu á plasmaskurði og leiserskurði.

**Markmið:** Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja:**

- bakslagsöryggisbúnað, aðalhluti hans og virkni
- suðubrennara, lágþrýstibrennara / háþrýstibrennara
- raufargerðir fyrir frá- og mótsuðu þegar efnisþykkt er >3mm
- áhöld og aðferðir við að stilla upp og hefta saman plötur og rör
- suðugalla við logsuðu, orsakir þeirra og hugsanlegar úrbætur
- suðuvíra til logsuðu
- meðferð og notkun logskurðartækja og skurðarvéla
- galla sem geta komið við logskurð og hugsanlegar úrbætur á þeim
- meðferð og notkun plasma- og leiserskurðarvéla

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta:**

- stillt vinnsluprýsting af öryggi og valið suðuspíssa samkvæmt efnisþykkt
- soðið rör og plötur í stöðunum PA-BW, PC-BW, PF-BW með frásuðu í gæðaflokk C samkvæmt ÍST EN 25817
- soðið rör og plötur í stöðunum PA-BW, PC-BW, PF-BW með mótsuðu í gæðaflokk C samkvæmt ÍST EN 25817
- logskorið með logskurðartækjum og skurðarvél bæði fas og beinan skurð
- útbúið fas á rör og skeytt saman rörum
- skorið plötur og rör með plasmaskurðarvél; stál, ryðfrítt stál, ál og eir

### Námsgögn:


Myndbönd frá framleiðendum suðubúnaðar.

Handbækur frá framleiðendum suðubúnaðar.

Ljósrit frá kennara.

LOGSUÐA útgefandi Iðan fræðslusetur útg. 2007.

Málmsmíði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>LSU 202</b>	
Síða 2 af 3	<b>Vor 2015</b>	

### Áætlun um yfirferð:


Vika	Yfirferð og verkefni
2	<b>Logsuða:</b> Farið yfir kennsluáætlun, öryggismál, brunahættu, helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna hita, reyks og eldfimra efna og hlífðarfatnað.
3 til 4	<b>Logsuða:</b> Nemendur logsjóða rör í ýmsum stærðum og þykktum. Byrjað verður á að sjóða í suðustöðunni BW PF.
5 til 11	<b>Logsuða:</b> Nemendur logsjóða rör í ýmsum stærðum og þykktum. Soðið verður í föstum suðustöðum BW PF - PC – HL045. <b>Áfangapróf sem gildir 50% af lokaeinkunn.</b>
12 til 16	<b>Logsuða:</b> Nemendur logsjóða rör í ýmsum stærðum og þykktum. Soðnar verða innásuður í föstum suðustöðum. <b>Áfangapróf sem gildir 50% af lokaeinkunn.</b>
17	<b>Logsuða:</b> Upprifjun á efni annarinnar.

### Verkefni:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Frammistaða á önn	Áfangapróf 90%, Vinnusemi og umgengni 10%.	75%
Verklegt	Verklegt próf í lok áfangans.	25%
Leyfð hjálpargögn í prófi	Öll almenn suðu- og smíðatól.	
<b>Annað:</b>		
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áriðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.</li> <li>• Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.</li> <li>• Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður "tuskudagur" þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.</li> </ul>		

### Dagsetning:

---

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>LSU 202</b> <b>Vor 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

**Undirritun kennara**

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**